

Reglugerð um heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að greiða barnalífeyri vegna náms eða starfsþjálfunar ungmenna á aldrinum 18-20 ára.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna náms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18-20 ára ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir, enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir.

Samkvæmt reglugerð þessari greiðist eingöngu einfaldur barnalífeyrir.

2. gr.

Tryggingastofnun metur sönnun um skólavist og starfsþjálfun og skal ungmenni framvísa staðfestum gögnum frá skóla ásamt yfirliti yfir fyrri námsárangur í upphafi hverrar annar. Skilyrði er að ungmenni stundi sannanlega nám og að námið eða þjálfunin taki a.m.k. sex mánuði hvert ár.

Ef um er að ræða óreglulegt nám eða námskeið skal námstími reiknaður í kennslustundafjölda á almanaksárinu og telst þá sex mánaða nám samsvara 624 kennslustundum. Brot úr mánuði telst heill mánuður.

3. gr.

Nú verður úrskurði skv. 1. mgr. 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 eigi við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa uppi á því og er þá heimilt að greiða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám.

Sama gildir ef ljóst er að ungmenninu er ókleift að innheimta greiðslur samkvæmt úrskurði á grundvelli 1. mgr. 62. gr. barnalaga nr. 76/2003.

4. gr.

Heimilt er að greiða ungmenni sem ekki hefur verið feðrað barnalífeyri vegna náms að uppfylltum öðrum skilyrðum þessarar reglugerðar.

5. gr.

Ungmennið sjálft sækir um barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar. Með umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn um nám og eftir atvikum störf umsækjanda. Þá er heimilt að krefjast framlagningar skattframtala og annarra gagna sem máli kunna að skipta.

6. gr.

Við mat á umsókn skal Tryggingastofnun ríkisins taka tillit til allra aðstæðna umsækjanda, félagslegra sem efnahagslegra, sem áhrif geta haft á það hvort samþykkja skuli umsókn eða hafna henni.

Að jafnaði skal miðað við:

1. Að umsækjandi sé í fullu námi. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði ef um er að ræða hægfara nám eða sérstaka erfiðleika nemandans, s.s. efnahagslegan eða félagslegan vanda.
2. Að nám umsækjandans sé hans aðalstarf. Ef umsækjandi er einnig í launuðu starfi skal hann færa sönnur á að starf það sem hann stundar sé utan skólatíma með staðfestingu frá atvinnurekanda.

3. Að mánaðarlegar tekjur umsækjanda séu að meðaltali ekki hærri en sem nemur sjöfaldri fjárhæð barnalífeyris á hverjum tíma.
4. Að umsækjandi eigi ekki eignir í peningum eða verðbréfum yfir þeim viðmiðunarmörkum sem notuð eru hverju sinni varðandi heimild til greiðslu frekari uppbótar á lífeyri.

7. gr.

Ungmennni sem sækir um áframhaldandi greiðslu barnalífeyris samkvæmt þessari reglugerð skal við upphaf annar leggja fram staðfestingu um ástundun náms á þeirri önn sem lokið er og greitt hefur verið vegna. Komi í ljós að ungmenni hafi ekki stundað fullt nám eða að öðru leyti uppfyllt skilyrði fyrir greiðslum er heimilt að fresta afgreiðslu áframhaldandi barnalífeyris þar til sex mánaða námstíma er náð.

8. gr.

Heimild til greiðslu barnalífeyris fellur niður ef ungmenni hættir námi, við flutning lögheimilis frá Íslandi, ef ungmenni verður lífeyrisþegi eða skilyrðum þessarar reglugerðar er að öðru leyti ekki lengur fullnægt.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla brott reglur tryggingaráðs nr. 950/1999 um greiðslu barnalífeyris vegna skólanáms eða starfsþjálfunar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. febrúar 2006.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.